



## AÐKOMUVEGUR AÐ MASTRI Í ÞRENGSLUNUM

**Sveitarfélagið Ölfus**

**Matsskyldufyrirspurn**

**03.12.2024**





## SKÝRSLA – UPPLÝSINGABLAÐ

### SKJALALYKILL

109907-SKY-001-V01

### SKÝRSLUNÚMÉR / SÍÐUFJÖLDI

01/23

### VERKEFNISSTJÓRI / FULLTRÚI VERKKAUÐA

Viktoría Rós Gísladóttir

### VERKEFNISSTJÓRI EFLA

Hulda Kristín Helgadóttir

### LYKILORÐ

Tilkynning, matsskylda, mat á umhverfisáhrifum, vegagerð, hraun, vatnsvernd

### STAÐA SKÝRSLU

- ☐ Drög  
☐ Drög til yfirlstrar  
☒ Lokið

### DREIFING

- ☒ Opin  
☐ Dreifing með leyfi verkkaupa  
☐ Trúnaðarmál

### TITILL SKÝRSLU

Aðkomuvegur að mastri í Þrengslunum - Matsskyldufyrirspurn

### VERKHEITI

Vindorka Orkuveitan

### VERKKAUÐI

Orkuveita Reykjavkur

### HÖFUNDUR

Snævarr Örn Georgsson

### ÚTDRÁTTUR

Orkuveitan hyggst leggja 1,7 km langan malarslóða að fyrirhuguðu rannsóknarmastri á landareign sinni norðan Litla-Sandfells í Þrengslunum í sveitarfélaginu Ölfusi.

Þar sem vegslóðin er innan fjarsvæðis vatnsverndar, og á nútímahrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, þá þarf Orkuveitan að skila inn matsskyldufyrirspurn til Skipulagsstofnunar.

Framkvæmdaraðili óskar hér með eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um það hvort framkvæmdin sé matsskyld.

#### ÚTGÁFUSAGA

| NR. | HÖFUNDUR              | DAGS.    | RÝNT                     | DAGS.   | SAMÞYKKT              | DAGS.   |
|-----|-----------------------|----------|--------------------------|---------|-----------------------|---------|
| 01  | Snævarr Örn Georgsson | 15.11.24 | Viktoría Rós Gísladóttir | 2.12.24 | Snævarr Örn Georgsson | 3.12.24 |

## EFNISYFIRLIT

|                                             |    |
|---------------------------------------------|----|
| EFNISYFIRLIT                                | 5  |
| MYNDASKRÁ                                   | 6  |
| TÖFLUSKRÁ                                   | 7  |
| 1 INNGANGUR                                 | 8  |
| 1.1 Framkvæmdaraðili, tilgangur og markmið  | 9  |
| 1.2 Matskylda framkvæmdar                   | 9  |
| 1.3 Leyfisveitingar                         | 10 |
| 2 FRAMKVÆMDALÝSING                          | 11 |
| 2.1 Helstu framkvæmdarþættir                | 11 |
| 2.2 Valkostagreining                        | 11 |
| 2.3 Frágangur                               | 13 |
| 2.4 Framkvæmdatími                          | 13 |
| 2.5 Skipulag                                | 13 |
| 3 HELSTU UMHVERFISÁHRIF FRAMKVÆMDARINNAR    | 15 |
| 3.1 Aðferðafræði við mat á umhverfisáhrifum | 15 |
| 3.2 Umhverfisþættir                         | 17 |
| 3.3 Vistgerðir og fuglalíf                  | 17 |
| 3.3.1 Niðurstaða                            | 18 |
| 3.4 Jarðmyndanir                            | 18 |
| 3.4.1 Niðurstaða                            | 18 |
| 3.5 Fornminjar                              | 18 |
| 3.5.1 Niðurstaða                            | 19 |
| 3.6 Ásýnd og landslag                       | 19 |
| 3.6.1 Niðurstaða                            | 21 |
| 3.7 Vatnsvernd                              | 21 |
| 3.7.1 Niðurstaða                            | 21 |
| 4 SAMANTEKT                                 | 22 |
| 2 HEIMILDASKRÁ                              | 23 |

## MYNDASKRÁ

|                 |                                                                                                                                                           |    |
|-----------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----|
| <b>MYND 1.1</b> | Vegslóðinn sem er til umfjöllunar í þessu matsskyldufyrirspurnarferli. Stærri teikningu má sjá aftast í viðauka.                                          | 8  |
| <b>MYND 1.2</b> | Fyrirhugað framkvæmdasvæði í þrengslunum er auðkennt með gulu. Loftmynd: Kortasjá OR, <a href="https://lukor.or.is/lukor/">https://lukor.or.is/lukor/</a> | 9  |
| <b>MYND 2.1</b> | Þversnið af áætluðum vegslóða.                                                                                                                            | 11 |
| <b>MYND 2.2</b> | Staðir innan landareignar Orkuveitunnar sem voru skoðaðir með tilliti til staðsetningar vindmælingamastur.                                                | 12 |
| <b>MYND 3.1</b> | Horft yfir svæðið norðan Litla-Sandsfells sem sést næst lengst til hægri. Um miðja mynd í fjarska sést í Lambafell.                                       | 17 |
| <b>MYND 3.2</b> | Yfirlitskort af þekktum fornminjum á svæðinu. Litla-Sandfell er neðst á myndinni, norður er upp. Mynd: Fornleifastofnun Íslands ses. [3]                  | 19 |
| <b>MYND 3.3</b> | Ásýnd frá þrengslavegi þar sem hann er næst vegslóðanum í um 250 m fjarlægð. Litla-Sandfell lengst til vinstri. Mynd: Google maps.                        | 20 |
| <b>MYND 3.4</b> | Ásýnd frá þrengslavegi yfir mosavaxna hraunbreiðuna norðan Litla-Sandfells. Hér er vegslóðinn í um 0,5-1,2 km fjarlægð frá þrengslavegi. Mynd: Ja.is      | 20 |
| <b>MYND 3.5</b> | Hér má sjá hvernig svipaður malarslóði á bak við Litlu Kaffistofuna hverfur inn í hraunið. Mynd: Google maps                                              | 20 |

## TÖFLUSKRÁ

|                                                                                                    |    |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------|----|
| TAFLA 3.1 Skilgreiningar á einkennum umhverfisáhrifa.                                              | 15 |
| TAFLA 3.2 Hugtök yfir vægi áhrifa sem stuðst er við þegar mat er lagt á umhverfisáhrif framkvæmda. | 16 |
| TAFLA 4.1 Niðurstöður framkvæmdaraðila                                                             | 22 |

## 1 INNGANGUR

Orkuveitan hyggst reisa vindmælingamastur á landareign sinni norðan Litla-Sandfells í Þrengslunum í sveitarfélaginu Ölfusi til að rannsaka vindaðstæður vegna athugunar á mögulegri vindorkuframleiðslu á svæðinu. Vindmælingamastur fellur ekki undir lög 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana en aðkomuvegurinn að mastri gerir það hins vegar. Því er nauðsynlegt að senda inn til Skipulagsstofnunar matsskyldufyrirspurn um hvort að vegslóðanum fylgi það umtalsverð umhverfisáhrif að hann þurfi að gangast undir full mat á umhverfisáhrifum.

Orkuveitan kynnti hugmyndir um vindorkugarð á svæðinu í júní 2023<sup>1</sup>, en þær hugmyndir eru ekki til umfjöllunar hér, eingöngu einn vegslóði sem er hluti af undirbúningsrannsóknum.



**MYND 1.1** Vegslóðinn sem er til umfjöllunar í þessu matsskyldufyrirspurnarferli. Stærri teikningu má sjá aftast í viðauka.

<sup>1</sup> <https://orkuveitan.is/um-or/fyrir-fjolmidla/frettir/orkuveitan-skodar-ad-reisa-vindorkugarda-i-nagrenni-hellisheidar/>



**MYND 1.2** Fyrirhugað framkvæmdasvæði í Þrengslunum er auðkennt með gulu.  
Loftmynd: Kortasjá OR, <https://lukor.or.is/lukor/>

### 1.1 Framkvæmdaraðili, tilgangur og markmið

Framkvæmdaraðili og landeigandi er Orkuveita Reykjavíkur. Tilgangur vegslóðans er búa til aðgengi að vindmælingamastri sem á að reisa til að kanna vindafar á svæðinu og möguleika þess til nýtingar vindorku.

### 1.2 Matskylda framkvæmdar

Umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru metin samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrif framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Samkvæmt tölulíð 10.08 í 1. viðauka laganna, fellur „*lagning nýrra vega eða enduruppbygging eða breikkun vega utan þéttbýlis sem ekki eru tilgreindir í tölul. 10.06 eða 10.07 sem eru a.m.k. 5 km*“ í flokk B. Vegslóðinn sem hér um ræðir er einungis 1,7 km og þyrfti því öllu jafna ekki að tilkynna um slíka framkvæmd til Skipulagsstofnunar. Í fyrstu málgrein 1. viðauka laganna segir þó að:

- „Í flokki B eru tilgreindar þær framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli umhverfismati samkvæmt lögum þessum, sbr. einnig 2. Viðauka. Sama á við um framkvæmdir sem eru að umfangi undir viðmiðunarmörkum í flokki B ef þær eru fyrirhugaðar á verndarsvæði.“

Þar sem vegslóðinn er innan fjarsvæðis vatnsverndar og á nútímahrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, þá þarf Orkuveitan að skila inn matsskyldufyrirspurn til Skipulagsstofnunar þó að hann sé vel undir 5 km viðmiði laganna.

EFLU hefur verið falin umsjón með tilkynningu vegslóðans og gerð fyrirspurnar um matsskyldu.

### 1.3 Leyfisveitingar


Framkvæmdin er háð eftirfarandi leyfum:

- Framkvæmdarleyfi sveitastjórnar samkvæmt 13. gr. í skipulagslögum nr. 123/2010.
- Starfsleyfi heilbrigðisnefndar samkvæmt 37. gr. í samþykkt nr. 326/2022 um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

## 2 FRAMKVÆMDALÝSING

### 2.1 Helstu framkvæmdarþættir

Um er að ræða 1,7 km langan vegslóða sem lagður er frá námuvegi Litla-Sandfells, norður fyrir fellið og út á hraunbreiðuna. Landslagsyfirborðið er nokkuð slétt og sterkt svo ekki er reiknað með neinni jarðvinnslu heldur verður að meðaltali 60 cm þykkt efnislag sett ofan á núverandi yfirborð alla leiðina. Vörubílar bakka út á slóðann og hella niður efni á undan sér, ekki þarf að fara út fyrir veglínu til að gera vegslóðann. Vindmælingamastrið er sett saman úr mörgum léttum einingum svo vegslóðinn þarf ekki að bera þungaflutninga. Slóðinn verður um 4 m breiður. Heildarefnispörf er metin um 5.500 m<sup>3</sup> og fæst það efni úr námum í nágrenninu, Litla-Sandfelli eða Lambafelli. Vegurinn er alfarið innan landareignar Orkuveitunnar og verður óviðkomandi umferð óheimil.




**MYND 2.1** Þversnið af áætluðum vegslóða.

### 2.2 Valkostagreining

Fyrsta val var að hafa vindmælingamastrið við núverandi vegslóða vestan við Litla-Sandfell. Það hefði ekki kallað á neina nýja vegagerð heldur eingöngu endurbætur á núverandi vegslóða. Það er þó utan landareignar Orkuveitunnar og náðist ekki að ljúka samningaviðræðum við landeigandaráðgjafar. Því þurfti að skoða aðra valkosti.

Orkuveitan gerir sér grein fyrir því að svæðið er þakið hrauni og hefur því frá upphafi lagt áherslu á að lágmarka fótspor framkvæmdanna. Því var leitast við að finna staði fyrir mastrið sem kölluðu á sem minnst mögulegt rask. Þrír staðir voru skoðaðir sérstaklega og má sjá þá á myndinni hér a neðan.



**MYND 2.2** Staðir innan landareignar Orkuveitunnar sem voru skoðaðir með tilliti til staðsetningar vindmælingamastur.

Staðsetning 1 á myndinni hér að ofan hefði þýtt minna rask á hrauni heldur en ný gatnamót við Þrengslaveg, með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á umferðaröryggi. Þessi staðsetning er auk þess mjög nálægt fjöllum austan við Þrengslið sem hefur neikvæð áhrif á gæði vindmælinga. Það sama á við um staðsetningu 2, Litla-Sandfell og Litli-Meitill hafa of mikil áhrif á gæði vindmælinga. Ekki er talinn annar kostur en að hafa vindmælingamastrið lengra úti á opna svæðinu fjær fjöllum og hefur staðsetning 3 því verið valin. Best væri að vera á miðri hraunbreiðunni, en slíkt hefði kallað á mun lengri vegslóða og meira rask.

## 2.3 Frágangur

Ekki er gert ráð fyrir neinu raski út fyrir vegslóðann og þar af leiðandi er ekki þörf á neinum sérstökum frágangi.

## 2.4 Framkvæmdatími

Stefnt er að því að leggja vegslóðann sumarið 2025. Áætlað er að það taki um viku að búa til slóðann.

## 2.5 Skipulag

Ekki er gert ráð fyrir skipulagsbreytingum vegna framkvæmdarinnar. Tímabundið rannsóknarmastur krefst ekki deiliskipulags og lokaðir vinnuslóðar eru almennt ekki sýndir á aðalskipulagsupphráttum sveitarfélaga, sbr. að línuvegir Landsnets meðfram Kolviðarhólsínu 1, Búrfellslínu 3, Sogslínu 2 og Sogslínu 3 og eru ekki sýndir á nýlegu aðalskipulagi sveitarfélagsins Ölfuss þó að þeir fari um hraun.

Svæðið er skilgreint sem „óbyggt svæði“ í aðalskipulagi Ölfuss 2020-2036. Stefna sveitarfélagsins sem snýr að óbyggðum svæðum og á við um fyrirhugað framkvæmdasvæði er eftirfarandi [1]:

- „Að bæta vegi, merkingar á gönguleiðum og uppbyggingu á áfangastöðum til að efla ferðapjónustu.
- Að skilgreina leiðir fyrir skráð vél- og fjórhjól í samvinnu við nágrannasveitarfélög og hagsmunaaðila.“

Svæðið er einnig innan fjarsvæðis vatnsverndar (VF1), er það ofan byggðar í vestanverðu Ölfusi og nær frá Herðisarvík og lang leiðina að Hveragerði. Skipulagsákvæði fjarsvæða í aðalskipulaginu eru eftirfarandi:

- Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi skal gæta fyllstu varúðar í meðferð efna sem talin eru upp í flokki grannsvæða. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu.
- Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja.

Í kafla 2 í greinargerð aðalskipulagsins eru megin markmið skipulagsins útlistuð. Þar segir m.a. að stefna sveitarfélagsins sé eftirfarandi:

- Að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda, þ.e. grunnvatns, vindorku, jarðvarma, sjávarfalla, vatnsafls og osmósu virkni.
- Að nýting orku sé meðal forgangsatriða í auðlindastýringu. Þannig verði horft til áframhaldandi uppbyggingar á umhverfissvænni orkunýtingu.

Í kafla 4.1.11 er fjallað um stakar framkvæmdir sem ekki er talin þörf á að afmarka sérstaka landnotkun fyrir, enda sé um að ræða framkvæmdir sem ekki eru taldar líklegar til að valda verulegum áhrifum á umhverfið. Þar segir að stefna sveitarfélagsins sé eftirfarandi:

- „Að heimila minniháttar framkvæmdir sem styrkja byggð og atvinnulíf, án umtalsverða áhrifa á umhverfið.“

- Að auka umhverfisvæna orkunýtingu.
- Að stuðla að auknu öryggi íbúa og ferðafólks.

*Skilmálar þessir gilda almennt í sveitarfélaginu, þ.m.t. á landbúnaðarsvæðum, óbyggðum svæðum, og skógræktar- og landgræðslusvæðum.*

*Eftirtaldar framkvæmdir eru heimilar innan sveitarfélagsins án þess að afmarka landnotkun sérstaklega í aðalskipulagi. Gert er ráð fyrir að skoðað verði í hverju tilfelli fyrir sig hvort og þá hvar eftirfarandi stakar framkvæmdir verða heimilaðar. Áfram verður gerð krafa um deiliskipulag eða eftir atvikum grenndarkynningu, þá þarf í öllum tilfellum að afla tilskilinna leyfa, s.s. framkvæmdaleyfis og/eða byggingaleyfis frá sveitarstjórn. Framkvæmdir kunna að vera tilkynningarskyldar, í flokki B eða C, sbr. lög um umhverfismat nr. 111/2021 m.s.br.*

- *Fjarskiptamöstur, allt að 35 m há ásamt aðstöðuhúsi allt að 25 m<sup>2</sup>, lögnum og vegtengingum að þeim. Gert er ráð fyrir að skoðað verði í hverju tilfelli fyrir sig hvort og þá hvar fjarskiptamöstur verða heimiluð. Meðal annars verður tekið tillit til hljóðvistar og fjarlægðar frá landamerkjum, öðrum mannvirkjum, sýnileika og áhrifa á náttúru og landslag.“*

Í kafla 4.1.7 segir að það sé stefna sveitarfélagsins

- „Að stuðlað verði að rannsóknum á fjölbreyttari orkuöflunarleiðum.
- Að kannaðir verði fleiri og fjölbreyttari virkjanakostir í sveitarfélaginu.“

Vindmælingamastur fellur því vel að stefnu sveitarfélagsins um að rannsaka fjölbreyttari orkuöflunarleiðir og stutt vegtenging að mastri fellur undir stakar framkvæmdir án þess að afmarka þurfi sérstaka landnotkun, jafnvel þó að vegslóðinn sé tilkynningarskyldur. Sambærilegt dæmi er t.d. að línuvegir Landsnets í sveitarfélaginu eru ekki sýndir á skipulagsuppdráttum.

### 3 HELSTU UMHVERFISÁHRIF FRAMKVÆMDARINNAR

#### 3.1 Aðferðafræði við mat á umhverfisáhrifum

Við mat á umhverfisáhrifum er unnið eftir lögum nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum og reglugerð nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Samkvæmt lögum og leiðbeiningum Skipulagsstofnunar þarf að miða við eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar við ákvörðun um matsskyldu. Við mat á hugsanlegum áhrifum framkvæmdar var stuðst við skilgreiningar Skipulagsstofnunar á einkennum áhrifa og vægi áhrifa eins og sjá má í töflunum hér að neðan.

**TAFLA 3.1** Skilgreiningar á einkennum umhverfisáhrifa.

| EINKENNI ÁHRIFA           | SKÝRING                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                               |
|---------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Bein áhrif                | Bein áhrif sem gera má ráð fyrir að framkvæmd muni hafa á tiltekna umhverfisþætti.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                    |
| Óbein áhrif               | Áhrif á umhverfisþætti sem ekki eru bein afleiðing framkvæmdar. Áhrifin geta komið fram í tiltekinni fjarlægð í tíma og/eða rúmi og verið afleiðing samspils mismunandi þátta sem þó má rekja til framkvæmdarinnar. Óbeinum áhrifum er einnig hægt að lýsa sem afleiddum áhrifum.                                                                                                                                                                                     |
| Jákvæð áhrif              | Áhrifa framkvæmdar sem talin eru til bóta fyrir umhverfið á beinan eða óbeinan hátt eða auka umfang núverandi áhrifa að því marki að þau séu talin verða til bóta.                                                                                                                                                                                                                                                                                                    |
| Neikvæð áhrif             | Áhrif framkvæmdar sem talin eru skerða eða rýra gildi tiltekins eða tiltekinnna umhverfisþátta á beinan eða óbeinan hátt eða auka umfang núverandi áhrifa að því marki að þau valda ónæði, óþægindum, heilsutjóni eða auknu raski.                                                                                                                                                                                                                                    |
| Varanleg áhrif            | Áhrif sem talið er að framkvæmd muni hafa til frambúðar á tiltekna umhverfisþætti, þ.e. með tilliti til æviskeiðs núlífandi manna og komandi kynslóða.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                |
| Tímabundin áhrif          | Áhrif sem talið er að framkvæmd muni hafa tímabundið á tiltekna umhverfisþætti, þ.e. í nokkrar vikur, mánuði eða ár.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                  |
| Afturkræf áhrif           | Áhrif framkvæmdar á tiltekna umhverfisþætti, sem líta má á að séu þess eðlis að áhrifanna hætti að gæta eftir tiltekinn tíma og að raunhæft sé eða unnt að gera ráð fyrir að hægt sé að færa í sama eða svipað horf og áður en kom til framkvæmda. Gera verður ráð fyrir að áhrifin séu afturkræf á a.m.k. tímaskala núlífandi manna en afturkræf áhrif geta einnig verið háð því að ummerki séu fjarlægð innan ákveðins tíma, t.d. ef um er að ræða áhrif á lífríki. |
| Óafturkræf áhrif          | Áhrif sem í eðli sínu fela í sér að tilteknir umhverfisþættir verða fyrir varanlegri breytingu eða tjóni vegna framkvæmdar sem ekki er raunhæft eða unnt að afturkalla.                                                                                                                                                                                                                                                                                               |
| Samlegðaráhrif            | Hér er hugtakið samlegðaráhrif bæði notað um svokölluð samvirk og sammögnuð áhrif, þ.e. um áhrif mismunandi þátta framkvæmdar sem hafa samanlagt tiltekin umhverfisáhrif eða sem jafnvel magnast upp yfir tiltekið tímabil. Þetta getur einnig varðað áhrif sem fleiri en ein framkvæmd hafa samanlagt eða sammagnað á tiltekinn umhverfisþátt eða tiltekið svæði.                                                                                                    |
| Umtalsverð umhverfisáhrif | Veruleg óafturkræf umhverfisáhrif eða veruleg spjöll á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja eða bæta úr með mótvægisáðgerðum.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                   |

**TAFLA 3.2** Hugtök yfir vægi áhrifa sem stuðst er við þegar mat er lagt á umhverfisáhrif framkvæmda.

| VÆGI ÁHRIFA / VÆGISEINKUNN | SKÝRING                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                |
|----------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Veruleg jákvæð             | <ul style="list-style-type: none"> <li>Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfisþátt/-þætti bæta hag mikils fjölda fólks og/eða hafa jákvæð áhrif á umfangsmikið svæði. Sú breyting eða ávinningur sem hlýst af framkvæmdinni/áætluninni er oftast varanleg.</li> <li>Áhrifin eru oftast á svæðis-, lands- og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin.</li> <li>Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.</li> </ul>                                                                                                                                         |
| Talsverð jákvæð            | <ul style="list-style-type: none"> <li>Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfisþátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, en svæðið kann að vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja.</li> <li>Áhrifin geta verið jákvæð fyrir svæðið og/eða geta verið jákvæð fyrir fjölda fólks.</li> <li>Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum afturkræf.</li> <li>Áhrif geta verið stað-, svæðisbundin og/eða á landsvísu.</li> <li>Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.</li> </ul>                                           |
| Nokkuð jákvæð              | <ul style="list-style-type: none"> <li>Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfisþátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, og svæðið er ekki talið vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja.</li> <li>Áhrifin geta verið jákvæð fyrir hluta svæðis og/eða fyrir takmarkaðan hóp fólks.</li> <li>Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum afturkræf.</li> <li>Áhrifin eru að mestu stað-, og svæðisbundin.</li> <li>Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.</li> </ul>                                                    |
| Óveruleg                   | <ul style="list-style-type: none"> <li>Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfisþátt/-þætti eru minniháttar, með tilliti til umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum, ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum.</li> <li>Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf.</li> <li>Áhrif eru oftast stað-, eða svæðisbundin.</li> <li>Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.</li> </ul>                                                                                                                                            |
| Nokkuð neikvæð             | <ul style="list-style-type: none"> <li>Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfisþátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, og svæðið er ekki talið vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja.</li> <li>Áhrifin geta verið neikvæð fyrir hluta svæðis og/eða fyrir takmarkaðan hóp fólks.</li> <li>Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum óafturkræf.</li> <li>Áhrifin eru að mestu stað-, og svæðisbundin.</li> <li>Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.</li> </ul>                                                  |
| Talsverð neikvæð           | <ul style="list-style-type: none"> <li>Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfisþátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, en svæðið kann að vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja.</li> <li>Áhrifin geta verið neikvæð fyrir svæðið og/eða geta valdið fjölda fólks ónæði eða óþægindum.</li> <li>Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum óafturkræf.</li> <li>Áhrif geta verið stað-, svæðisbundin og/eða á landsvísu.</li> <li>Áhrifin geta að einhverju leyti verið í ósamræmi við ákvæði laga og reglugerða, almenna stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.</li> </ul> |
| Veruleg neikvæð            | <ul style="list-style-type: none"> <li>Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfisþátt/-þætti skerða umfangsmikið svæði og/eða svæði sem er viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja, og/eða rýra hag mikils fjölda fólks. Sú breyting eða tjón sem hlýst af framkvæmdinni er oftast varanleg og yfirleitt óafturkræft.</li> <li>Áhrif eru oftast á svæðis-, lands- og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin.</li> <li>Áhrifin eru í ósamræmi við ákvæði laga og reglugerða, almenna stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.</li> </ul>                                                     |
| Engin áhrif                | <ul style="list-style-type: none"> <li>Engin áhrif af framkvæmd eða áætlun á umhverfisþátt/-þætti.</li> </ul>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          |
| Óvissa                     | <ul style="list-style-type: none"> <li>Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfisþætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknnum eða markvissri vöktun.</li> </ul>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                            |

### 3.2 Umhverfispættir

Framkvæmdin er talin hafa áhrif á eftirtalda umhverfispætti, bæði á framkvæmdartíma og rekstrartíma, og verður fjallað um þau áhrif í þessari greinargerð:

- Vistgerðir og fuglalíf
- Jarðmyndanir
- Fornminjar
- Ásýnd og landslag
- Vatnsvernd

### 3.3 Vistgerðir og fuglalíf

Tvær vistgerðir eru allsráðandi á framkvæmdasvæðinu og stóru svæði í kring, og þekja í raun stóran hluta alls Reykjanessins. Eru það mosa- og lynghraunavist, en báðar eru með miðlungs verndargildi. Vegslóðinn mun í heildina þekja um 0,85 ha lands, sem er agnarlítið brot af heildarþekju vistgerðanna á svæðinu.



**MYND 3.1** Horft yfir svæðið norðan Litla-Sandsfells sem sést næst lengst til hægri. Um miðja mynd í fjarska sést í Lambafell.

Fuglalíf á svæðinu er að öllum líkindum nokkuð fábrotið sökum einsleits landslags, lítils gróðurs og lítils yfirborðsvatns. Helst eru það mófuglar á borð við heiðlóu, spóa, rjúpu og þúfutittlings sem má vænta á svæðinu, og að öllum líkindum ekki í miklum þéttleika. Vegurinn er mjó lína í útbreidda vistgerð með sambærileg búsvæði allt í kring, búsvæðatap er því minniháttar og áhrif á varp og fæðuöflun óveruleg. Framkvæmdatími er stuttur og engin regluleg umferð um slóðann eftir það, truflun af völdum ökutækja er því óveruleg. Ekki er reiknað með að fuglum fækki á svæðinu með gerð vegslóðans.

### 3.3.1 Niðurstaða

Um er að ræða lítið raskflatarmál á vistgerðum sem þekja afar stórt svæði. Verndargildi þeirra er miðlungs og njóta þær engrar sérstakrar verndar. Áhrif á vistgerðir eru metin **óveruleg**.

Fuglalíf á svæðinu er að öllum líkindum fábrotið og verður fyrir litlum áhrifum, búsvæðatap er hverfandi og munu fuglar í versta falli þurfa að færa sig um nokkra metra. Truflun frá ökutækjum á veginum er jafnframt hverfandi. Áhrif á fuglalíf eru því metin **óveruleg**.

## 3.4 Jarðmyndanir

Vegslóðinn verður ofan á hrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Ekki er þó um eiginlegt rask á hrauninu að ræða, þ.e. ekki er verið að grafa að ráði í hraunið eða flytja það á brott, heldur er verið að hylja það með mól eftir veglínunni.

Vegslóðinn er í Leitarhrauni (Lambafellshrauni) sem rann úr gígnum Leiti í austanverðum Bláfjöllum fyrir um 5.200 árum og fór meginstraumurinn suður til sjávar um Þrengslin og allt til Þorlákshafnar [2]. Óhjákvæmilegt er að fara yfir hraun við framkvæmdirnar, en 0,85 ha fótspor vegslóðans er agnarsmátt hlutfall af öllu Leitarhrauni, sem er á annað hundrað ferkílómetrar að flatarmáli (um 130 km<sup>2</sup>), um 0,007%, og enn minna hlutfall af heildarhrauni á svæðinu. Allt láglendi á svæðinu, og mestöllu Reykjanesi, er þakið hrauni. Það er því óhjákvæmilegt að rask verði á hrauni við framkvæmdir hvort sem það er vegna samgöngumannvirkja, íbúðarhúsa, sumarhúsa, ferðaþjónustu, fiskeldis o.s.frv. Þorlákshöfn er byggð á sama hrauni og allar framkvæmdir þar raska hrauninu. Vegslóðinn er því lítið rask á jarðmynduninni í samhengi allra framkvæmda á hraunum á svæðinu.

Orkuveitan hefur mikla reynslu af vinnu í hrauni, en mikið af starfssvæði Orkuveitunnar er á hrauni, hvort sem um er að ræða öflun eða flutningur á köldu vatni, heitu vatni eða raforku. Lagt verður upp með að rask verði sem allra minnst.

### 3.4.1 Niðurstaða

Framkvæmdin er smá í sniðum og ekki er verið að flytja jarðmyndun á brott heldur mun malarslóði hylja um 0,85 ha af hrauni sem nýtur sérstakrar verndar. Það er afar lítið hlutfall af jarðmynduninni, um 0,007%, og þekur ekki stórt svæði heldur er í mjórri línu. Áhrif á jarðmyndanir eru því metin **óveruleg**.

## 3.5 Fornminjar

Fornleifastofnun Íslands vann aðalskráningu fornleifa í svetiárfélaginu Ölfusi og eru fornminjar á svæðinu allar austan við Þrengslaveg [3]. Engar þekktar fornminjar eru á framkvæmdasvæðinu. Ef áður óþekktar fornminjar koma í ljós verður vinnuferlum háttað í samræmi við landslög og Minjastofnun gert viðvart.



**MYND 3.2** Yfirlitskort af þekktum fornminjum á svæðinu. Litla-Sandfell er neðst á myndinni, norður er upp. Mynd: Fornleifastofnun Íslands ses. [3]

### 3.5.1 Niðurstaða

Engar þekktar fornminjar eru í veglínunni og ólíklegt að slíkar finnist á leiðinni. Ef slíkar finnast verður Minjastofnun gert viðvart og auðvelt ætti að vera að sveigja veglóðann fram hjá þeim. Áhrif á fornleifar eru því metin **engin**.

### 3.6 Ásýnd og landslag

Vegslóðin er á tiltölulega flötu svæði norðan við Litla-Sandfell í Þrengslunum. Einkennist svæðið af stórrí mosavaxinni hraunbreiðu sem umkringd er móbergsfjöllum í svo til allar áttir. Austurhluti hraunbreiðunnar er skorinn í sundur af uppbyggðum þjóðvegi (Þrengslavegur) er í um 0,25-1,2 km fjarlægð frá fyrirhuguðum vegslóða. Lítið er um útivist á svæðinu og er helsta ásýndin yfir framkvæmdasvæðið sú sem vegafarendur sjá er þeir aka eftir Þrengslavegi.



**MYND 3.3** Ásýnd frá Þrengslavegi þar sem hann er næst vegslóðanum í um 250 m fjarlægð. Litla-Sandfell lengst til vinstri. Mynd: Google maps.



**MYND 3.4** Ásýnd frá Þrengslavegi yfir mosavaxna hraunbreiðuna norðan Litla-Sandfells. Hér er vegslóðinn í um 0,5-1,2 km fjarlægð frá Þrengslavegi. Mynd: Ja.is



**MYND 3.5** Hér má sjá hvernig svipaður malarslóði á bak við Litlu Kaffistofuna hverfur inn í hraunið. Mynd: Google maps

Ekki er um uppbyggðan veg að ræða, einungis um 60 cm þykkt malarlag sem lagt verður á yfirborðið eftir veglínunni. Úr lofti mun vegslóðinn sjást vel þar sem hann sker sig úr umhverfinu líkt og aðrir vegir, en af jörðu niðri verður ásýnd minniháttar sökum fjarlægðar og flatneskju, sjónarpunktur vegfarenda er í mjög sambærilegri hæð en ekki hærra í landinu. Líklega verður stór hluti vegslóðans ekki sýnilegur frá Þrengslavegi. Áhrif á ásýnd eru því óveruleg.

Áhrif á landslagið sjálft eru sömuleiðis óveruleg þar sem þetta hefur lítil áhrif á hreinbreiðuna í heild sinni. Hæðarbreytingar lands eru minniháttar og ekki er verið að raska stóru samfelldu svæði heldur er um að ræða mjóa veglínu eftir

#### 3.6.1 Niðurstaða

Framkvæmdin er smá í sniðum, nær einungis yfir brot af landslagsheildinni og sýnileiki hennar takmarkaður. Áhrif á landslag og ásýnd eru því metin **óveruleg**.

### 3.7 Vatnsvernd

Vegslóðinn er á fjarsvæði vatnsverndar sem nær allt frá Herdísarvík og lang leiðina að Hveragerði. Framkvæmdarsvæðið er innan grunnvatnshlots 104-290-G Selvogsstraums 3 skv. flokkun á vatnavefsjá Stjórnar Vatnamála. Ekki er verið að grafa neitt niður í jörðina, framkvæmdatími er stuttur og óviðkomandi umferð um vegslóðann bönnuð. Umferð er því algjörlega minniháttar. Ekki er reiknað með að framkvæmdirnar ógni vatnsbólum eða vatnsgæðum almennt.

Sótt verður um starfsleyfi til heilbrigðisnefndar sbr. kröfur innan 37.greinar samþykktar nr. 326/2022 um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma sveitarfélaganna á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Tæki sem notuð verða í framkvæmdinni verða lekaskoðuð til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp.

#### 3.7.1 Niðurstaða

Fyrirhuguð framkvæmd er smá í sniðum, framkvæmdatími stuttur og lítil notkun á rekstartíma. Áhrif á vatnsvernd, vatnsgæði eða vatnshlot eru því **óveruleg**. Ekki er talið að framkvæmdin muni hafa áhrif á umhverfismarkmið vatnshlotsins Selvogsstraums 3.

## 4 SAMANTEKT

Eftirfarandi tafla sýnir samantekt á mati framkvæmdaraðila á áhrifum framkvæmdarinnar á þá umhverfispætti sem voru til umfjöllunar í þessari matsskyldufyrirspurn.

**TAFLA 4.1** Niðurstöður framkvæmdaraðila

| UMHVERFISÞÁTTUR        | NIÐURSTÖÐUR                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                             |
|------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Vistgerðir og fuglalíf | Um er að ræða lítið raskflatarmál á vistgerðum sem þekja afar stórt svæði. Verndargildi þeirra er miðlungs og njóta þær engrar sérstakrar verndar. Áhrif á vistgerðir eru metin <b>óveruleg</b> .<br>Fuglalíf á svæðinu er að öllum líkindum fábrotið og verður fyrir litlum áhrifum, búsvæðatap er hverfandi og munu fuglar í versta falli þurfa að færa sig um nokkra metra. Truflun frá ökutækjum á veginum er jafnframt hverfandi. Áhrif á fuglalíf eru því metin <b>óveruleg</b> . |
| Jarðmyndanir           | Framkvæmdin er smá í sniðum og ekki er verið að flytja jarðmyndun á brott heldur mun malarslóði hylja um 0,85 ha af hrauni sem nýtur sérstakrar verndar. Það er afar lítið hlutfall af jarðmynduninni, um 0,007%, og þekur ekki stórt svæði heldur er í mjórri línu. Áhrif á jarðmyndanir eru því metin <b>óveruleg</b> .                                                                                                                                                               |
| Fornminjar             | Engar þekktar fornminjar eru í veglínunni og ólíklegt að slíkar finnist á leiðinni. Ef slíkar finnst verður Minjastofnun gert viðvart og auðvelt ætti að vera að sveigja veglóðann fram hjá þeim. Áhrif á fornleifar eru því metin <b>engin</b> .                                                                                                                                                                                                                                       |
| Ásýnd og landslag      | Framkvæmdin er smá í sniðum, nær bara yfir brot af landslagsheildinni og sýnileiki hennar takmarkaður. Áhrif á landslag og ásýnd eru því metin <b>óveruleg</b> .                                                                                                                                                                                                                                                                                                                        |
| Vatnsvernd             | Fyrirhuguð framkvæmd er smá í sniðum, framkvæmdatími stuttur og lítil notkun á rekstrartíma. Áhrif á vatnsvernd, vatnsgæði eða vatnshlot eru því <b>óveruleg</b> . Ekki er talið að framkvæmdin muni hafa áhrif á umhverfismarkmið vatnshlotsins Selvogsstraums 3.                                                                                                                                                                                                                      |

Í þessu ferli mun Skipulagsstofnun úrskurða um það hvort að framkvæmdin sé háð fullu mati á umhverfisáhrifum. Skv. 18. gr. laga nr. 111/2021 skulu framkvæmdir gangast undir umhverfismat „þegar þær eru taldar líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif“. Framkvæmdaraðili telur að slíkt eigi ekki við um þessa framkvæmd sem er einn malarvegur, henni fylgja ekki umtalsverð umhverfisáhrif.

## 2 HEIMILDASKRÁ

- [1] EFLA, „Aðalskipulag sveitarfélagsins Ölfuss 2020-2036,“ Sveitarfélagið Ölfus, Þorlákshöfn, 2022.
- [2] ÍSOR, „Jarðfræðikort,“ [Á neti]. Available: <https://arcgisserver.isor.is/>. [Skoðað 14 nóvember 2024].
- [3] Fornleifastofnun Íslands ses., „Aðalskráning fornleifa í sveitarfélaginu Ölfusi - Áfangaskýrsla 1,“ Fornleifastofnun Íslands ses., Reykjavík, 2015.
- [4] Umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytið, „Samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma sveitarfélaganna á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs.,“ Umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytið, Reykjavík, 2022.